

# Auður kaupir Yggdrasil

- Fimmta fjárfesting fagfjárfestasjóðsins Auðar I, sem á dögnum keypti Tali
- Á fyrir Maður lifandi og BioVörur ● Segir sameiningu munu koma til skoðunar

Auður I fagfjárfestasjóður slf. hefur keypt öll hlutabréf í félögunum Yggdrasil og Vera líf af einkafjármagnssjóðnum Arev NI slhf. Margit Robertet, framkvæmdastjóri Auðar Capital, segir að kaupverðið sé trúnaðarmál. Fyrir á Auður I félögin Maður lifandi og BioVörur. Í tilkynningu um kaupin kemur fram að með kaupunum hyggist sjóðurinn „styrkja stöðu fyrirtækja sinna á markaði fyrir heilsu- og lífrænt ræktaðar vörur, ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri og styrkja grundvöllinn fyrir frekari sókn í framtíðinni. Aðspurð hvort Auður hyggist ná fram þessari hagkvæmni með því að sameina félög segir Margit að það hafi ekki verið ákveðið, en



Margit Robertet



Halla Tómasdóttir

komi til skoðunar.

Í tilkynningu um kaupin segir að Yggdrasil og Vera líf sinni heildsölu- og smásöluverslun á lífrænt ræktaðum og heilsusamlegum vörum. „Meðal þekktra vörumerkja sem Yggdrasil flytur

inn eru Rapunzel, Dr.Hauschka-snyrtivörur frá Þýskalandi, Clipper te- og kaffivörur frá Bretlandi, Holle-barnamatúr frá Sviss og nokkur vörumerki frá hollenska fyrirtækinu Natudis sem er eitt stærsta lífræna fyrirtækið í Hollandi og Belgíu.

## Fimmta fjárfesting sjóðsins

Um er að ræða fimmtu fjárfestingu fagfjárfestasjóðsins Auðar I sem rekinn er af Auði Capital hf., en sjóðurinn festi nýlega kaup á öllu hlutafé í Tali hf.

Arev verðbréfafyrirtæki hf. var ráðgjafi seljanda við söluna en fyrirtækjaráðgjöf Auðar Capital hf. ráðgjafi kaupanda. [ivarpall@mbl.is](mailto:ivarpall@mbl.is)

